



Reglugerð um ferðastyrki vegna landsmóta

Íþróttabandalag Reykjavíkur styrkir ferðir aðildarféлага sinna vegna ferða innanlands til þátttöku í Íslandsmóti eða bikarkeppni viðkomandi sérsambands. ÍBR styrkir ekki ferðir innan Höfuðborgarsvæðisins (Mosfellsbær – Hafnarfjörður). Meistaraflokkar fá aðeins styrki til ferða sem eru til staða utan 60 km radiusar frá Reykjavík.

Upphæð ferðastyrkja tekur mið af árlegu framlagi Reykjavíkurborgar. ÍBR gerir viðmiðunargjaldskrá vegna ferða flokka og einstaklinga, sundurgreint til einstakra staða á landinu.

Stefnt skal að, að styrkir til þeirra féлага sem reka barna- og unglिंगastarf verði allt að 35% af viðmiðunargjaldi vegna ferða meistaraflokka og 65% af viðmiðunargjaldi vegna yngri flokka. Styrkir þessir ná aðeins til greiðslu ferðakostnaðar en hvorki upphalds- eða fæðiskostnaðar.

Þá skal stefnt að því að félag sem ekki er með unglिंगastarf en keppir á meistaraflokksgrundvelli og í deild ofar en neðsta deild innan viðkomandi sérsambands, geti fengið styrk sem nemur allt að 17,5% af viðmiðunargjaldi.

Umsóknum skal skilað fyrir 10. janúar vegna undanliðins árs. Í umsókn um styrki þarf að koma fram nafn félags, deildar, flokka, keppnisstaðir, hvernig ferðast er, fjöldi og dagsetning.

Verði félag/deild uppvíst að því að gefa rangar upplýsingar um ferðir getur stjórn ÍBR svipt viðkomandi aðila öllum styrkjum (húsaleigu- og ferðastyrkir) í 1-3 ár.

Samþykkt á fundi stjórnar ÍBR þann 8. ágúst 2001.